

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/239*  
*komudagur 24.11.2009*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Gautur Sturluson, nefndarritari  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2009

## **Efni: Athugasemdir við matvælafrumvarpið**

Fulltrúar Hvals hf. fengu tækifæri til að sitja fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til að skýra nánar þau sjónarmið sem komu fram í umsögnum félagsins frá 3. júní og 17. nóvember varðandi matvælafrumvarpið. Á fundi nefndarinnar þann 19. nóvember sl. komu fram nokkur atriði sem þarf frekari skýringa við varðandi nýtingu dýrapróteins úr hvalaafurðum í dýrafóður.

Dýraprótein úr aukaafurðum hvala hafa í áratugi verið nýtt til fóðurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Sömu sjónarmið hafa átt við um dýraprótein sem unnið er úr fiski og um hvalaafurðir. Samkvæmt rgl. nr. 489/2009 um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum, sem kom í stað rgl. nr. 105/1949, er heimilt að nýta hvalaafurðir í dýrafóður sbr. 21. gr. rgl., enda í samræmi við heimildir eldri reglugerðar.

Heimild til notkunar fiskimjöls í dýrafóður er ekki sér íslenskt. Til upplýsingar þá eru helstu framleiðendur fiskimjöls í heiminum Perú, Chile, Thailand, Kína, Bandaríkin, Japan, Danmörk, Noregur og Ísland. Um 85% af innfluttu fiskimjöli (um 700.000 tonn árið 2008) til Evrópusambandsins fer í fiskeldi, en afgangurinn fer aðallega í svína- og alifuglaafurðir. Evrópusambandið setti á algert fóðurbann með rgl. 999/2001, vegna sýkingar sem átti uppruna sinn í kjötmöli. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna (FAO) ályktaði gegn fóðurbanni Evrópusambandsins í febrúar 2002. FAO ítrekaði heilnæmi notkunar fiskimjöls í dýrafóður. Evrópusambandið heimilaði síðar notkun fiskimjöls í dýrafóður til manneldis eftir þrýsting frá einstökum aðildarríkjum ESB, FAO og alþjóðasamtökum.

Samkvæmt h) lið, 6. gr. rgl. 1774/2002/EB fellur fiskimjöl í áhættuflokk 3, sem er lægsti áhættuflokkurinn:

„(h) fish or other sea animals, except sea mammals, caught in the open sea for the purposes of fishmeal production;“

Orðrétt skilgreining rgl. 1774/2002/EB á fiskimjöli skv. annex I, specific definitions, sbr. 66. gr. matvælafrumvarpsins vísar beint í rgl. 1774/2002/EB um skilgreiningar:

„24. ‘fishmeal’ means processed animal protein derived from sea animals, except sea mammals;“

Aðsetur/Head office:  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland

Pósthólf/Postal address:  
P.O. Box 233  
222 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland


Sími/Tel.: + 354 555 0565  
Bréfasími/Fax: + 354 555 1741  
Kt.: 650169-6549  
kl@hvalur.is

Banki/Bankers:  
Landsbanki Íslands hf.  
Aðalstræti 11  
Reykjavík, Ísland/Iceland

Reglugerð 348/81/EEC bannar innflutning hvalaafurða í atvinnuskyni inn á innri markað ESB. Reglur um hvalveiðar og nýtingu hvalaafurða lúta aðeins að Íslendingum og íslenskum markaði. Þær tengjast því ekki innra markaðnum og geta ekki tengst reglum Evrópusambandsins sbr. rgl. 348/81/EEC. Þessi réttarstaða kallast öfug mismunun, með hliðsjón af matvælalöggjöf Evrópusambandsins (sjá t.d. dóma dómstóls Evrópubandalaganna: C-175/78, C-96/86, C-20/87, C-321-324/94 og C-184/96). Íslensk stjórnvöld hafa því allar þær heimildir sem þarf til að laga íslenskt regluverk að hvalveiðum og nýtingu hvalaafurða.

Athugasemdir Hvals hf. lúta að því að fyrirtækinu verði áfram heimilt að nýta dýraprótein úr hvalaafurðum í fóður fyrir meðal annars einmaga dýr, eins og áður var leyft á Íslandi. Kröfur um rekjanleika afurðanna tryggja að hvalaafurðirnar séu aðeins nýttar innanlands eða fluttar út til ríkja utan Evrópusambandsins og þar með á ekki að vera um neina árekstru að ræða gagnvart matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hvals hf.



Kristján Loftsson

Aðsetur/Head office:  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland

Pósthólf/Postal address:  
P.O. Box 233  
222 Hafnarfjörður  
Ísland/Iceland

Sími/Tel.: + 354 555 0565  
Bréfasími/Fax: + 354 555 1741  
Kt.: 650169-6549  
kl@hvalur.is

Banki/Bankers:  
Landsbanki Íslands hf.  
Aðalstræti 11  
Reykjavík, Ísland/Iceland